

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi

1.gr.

Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. greinar laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. grein reglugerðar nr. 737/2003. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1230/2021 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2.gr.

Sorphirðugjald

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af kostnaði við hirðingu og umsýslu á 140 l brúntunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og 240 l blátunnu. Grá-, græn- og blátunna eru hirtar á 42 daga fresti en brúntunna á 21-28 daga fresti. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðahverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld: Íbúðarhús: kr. 46.430,-
Auka 240 l tunna í blá- eða græntunnu: kr.49.650,-

3.gr.

Sorpeyðingargjald

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.
Sorpeyðingargjöld:

Íbúðarhúsnæði kr. 30.495,-
Sumarbústaðir kr. 30.495,-
Atvinnuhúsnæði kr. 74.580,-

Sérstakt aukasorpjald er innheimt vegna gá mavalla, afsetningar úrgangs frá gá masvæði, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaður vegna gá mavalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum og skráningu starfsmanns gá masvæðis. Aukasorpjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

- a. flokkur kr. 53.286,-
- b. flokkur kr. 113.600,-
- c. flokkur kr. . 170.150,-
- d. flokkur kr. 283.550,-
- e. flokkur kr. 376.850,-
- f. flokkur kr. 567.314,-
- g. flokkur kr. 757.560,-
- h. flokkur kr. 940.744,-
- i. flokkur kr. 1.136,340,-

4.gr.

Leiga á sorpílátum

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirtækja ílát fyrir blá- eða græntunnu.. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blá- eða græntunnukara er hirðing þeirra á reglulegum dögum blá- eða græntunnuhirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blá- eða græntunnur við íbúðarhús.

660 l blá- eða græntunnukar: Kr. 2.000,- á mánuði.

1100 l blá- eða græntunnukar: Kr. 3.500,- á mánuði.

5.gr.

Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi og reglur voru samþykktar af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps þann 22.nóvember 2022 og var einnig samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 15. desember 2022. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1451/2021

Hrunamannahreppi 16. desember 2022


Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri



Sveitarstjórinn í
Hrunamannahreppi